

Öld menntakonunnar

eftir Gylfa Magnússon,

dósent í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

gylfimagn@hi.is, 525-4572.

Inngangur

Formleg menntun og kennsla hefur frá örófi alda fyrst og fremst verið viðfangsefni karla, bæði hérlendis sem erlendis. Konur settust fyrst á skólabeck í íslenskum framhaldsskólum um aldamótin 1900 og langt fram eftir 20. öldinni voru þær í miklum minni hluta. Hlutfall þeirra í Háskóla Íslands var lengst af enn lægra en í framhaldsskólum.

Kennarahópurinn var sama marki brenndur. Nokkrar konur kenndu í grunnskólum, færri í framhaldsskólum og nær engar í háskólum. Það lá í hlutarins eðli, til að kenna þarf menntun og meðan konur voru ekki í nemendahópnum komust þær ekki í kennarahópinn.

Frá sjónarhóli nútímans er óumdeilt að þessi skipan mála var ótæk, líkt og svo margt annað í þjóðskipulagi fyrri tíma. Kynjunum var freklega mismunað með því að hindra aðgang kvenna að menntun. Í þessu fólst jafnframt mikil sóun á þeim mannauði sem býr í konum.

Engar rannsóknir þarf til að sjá að auknir menntamöguleikar fyrir konur undanfarna áratugi og aukin sókn þeirra í menntun hefur skilað samfélaginu miklu. Ávinningurinn er mestur fyrir konur en því fer fjarri að þetta sé slæm þróun fyrir karlmenn. Það er sama hvert litið er, viðskiptalífið, opinberi geirinn, stjórnkerfið og raunar lýðræðið sem slíkt, menning og listir njóta sín betur fyrir bæði kynin með aukinni menntun, hvort heldur er karla eða kvenna.¹

Þessi jákvæða þróun hefur þó eina hlið sem rétt er að staldra við en lítt hefur verið fjallað um opinberlega. Hún er sú að slagsíðan í kynjaskiptingunni í menntakerfinu fer nú aftur sívaxandi en þessu sinni í hina áttina. Í þessari grein er leitast við að kortleggja þessa þróun og draga fram nokkrar afleiðingar hennar.

Kynjaskipting nemenda og kennara í íslenska menntakerfinu

¹ Hér er ekki svigrúm til að skoða hvernig ábatinn af menntasókn kvenna hefur skipst á kynin. Rétt er þó að benda á að vegna jákvæðra ytri áhrifa (*positive externality*) menntunar, sem eru nánast óumdeild, njóta fleiri góðs af henni en þeir sem mennta sig.

Nemandi sem nú fetar hinn íslenska menntaveg, frá leikskóla og upp í háskóla, getur ekki átt von á því að sjá marga karlmenn við kennarastörf og þeim fer stöðugt fækkandi, a.m.k. hlutfallslega. Samnemendurnir verða einnig yfirleitt að meiri hluta konur eftir að skyldunámi lýkur.

Það kemur sennilega engum á óvart að leikskólakennarar eru flestir konur eða tæp 97%.² Hlutfallið er aðeins jafnara í grunnskólum, þar eru konur þó rúm 78% kennara. Það er ekki fyrr en í framhaldsskólum sem talsverðar líkur eru á að fá karl sem kennara. Skólaárið 2005 til 2006 urðu karlar þó í fyrsta sinn í minni hluta meðal framhaldsskólakennara. Þeir voru þá 48,5% framhaldsskólakennara. Hlutfall karla meðal framhalds- og grunnskólakennara hefur lækkað ár frá ári undanfarið og mun fyrirsjáanlega gera það áfram. Karlar eru hlutfallslega flestir meðal elstu kennaranna. Þeir eru t.d. um 60% framhaldsskólakennara yfir fimmtugu en einungis 45% þeirra sem eru yngri en það. Körlum hefur þó fjölgað örlítið meðal leikskólakennara undanfarin ár, úr 1,7% skólaárið 2000 til 2001 í 3,1% skólaárið 2005 til 2006.

Í háskólum eru karlar hins vegar enn í nokkrum meiri hluta meðal kennara. Karlar voru árið 2004 með tæp 59% stöðugilda við kennslu í háskólum. Aftur eru karlarnir flestir í elstu hópunum. Þannig voru þeir þetta ár 64% þeirra háskólakennara sem eru fimmtugir eða eldri en 57,5% þeirra sem eru yngri. Þróunin verður því fyrirsjáanlega sú að hlutfall karla í kennslu í háskólum fer hægt og sígandi lækandi þótt enn sé langt í að þeir verði í minni hluta.

Í háskólum sést vel hve lágt hlutfall kvenna lauk doktorsnámi lengst af. Þær eru einungis fjórðungur þeirra háskólakennara sem hafa lokið doktorsnámi. Hlutfall þeirra meðal prófessora er einnig lágt, tæp 16%. Munurinn er minni meðal dósentna, þar eru konur rétt tæpur þriðjungur.

Til að verða prófessor þarf alla jafna langan starfsaldur og langflestir þeirra hafa lokið doktorsprófi, a.m.k. prófessorar við Háskóla Íslands. Lágt hlutfall kvenna meðal prófessora endurspeglar því annars vegar misskiptingu kynjanna í doktorsnámi og hins vegar lágt hlutfall kvenna í stétt háskólakennara fram eftir 20. öldinni. Í flestum tilfellum eru háskólakennarar komnir á fimmtugsaldur þegar þeir verða

² Heimildir fyrir talnaefni í greininni eru sundurliðaðar í heimildaskrá. Tölur um kynjaskiptingu kennara hér eru fyrir skólaárið 2005 til 2006 nema annað sé tekið fram.

prófessorar og geta þá átt rúman aldarfjórðung eftir af starfsævinni. Hlutfall kvenna meðal prófessora nú verður því að skoða í ljósi kynjaskiptingar í háskólanámi fyrir um það bil 15 til 40 árum.³

Háskólakennarar byrja alla jafna feril sinn sem lektorar.⁴ Þar eru karlar nú örlítið færri en konur eða 47,5%. Ef þetta hlutfall helst í nýliðun háskólakennara jafnast væntanlega smám saman kynjahlutfallið meðal dósenta og prófessora, með framgangi lektora í dósenta og síðan prófessora.

Miðað við kynjaskiptinguna í nemendahópnum er þó ólíklegt að kynjahlutfallið verði smám saman jafnt. Körlum fækkar mjög hlutfallslega meðal háskólanema. Nú eru nánast tvær konur fyrir hvern einn karl sem stundar háskólanám á Íslandi. Hlutfallið er nánast það sama í Háskóla Íslands og í öðrum skólum á háskólastigi hérlendis að jafnaði.

Skólaárið 2004 til 2005 voru konur 66% þeirra sem luku fyrsta háskólaprófi á Íslandi og 57% þeirra sem luku meistaraþáttu. Tölur um íslenska doktorsnema eru ekki jafnáreiðanlegar og tölur um grunn- og meistaránema, m.a. vegna þess hve stór hluti doktorsnema er við erlenda skóla og sumir þeirra ekki skráðir hjá LÍN. Eftir því sem næst verður komist eru konur þó nú þegar orðnar fleiri en karlar meðal doktorsnema. Sérstaklega virðast konur fleiri meðal eldri doktorsnema, þ.e. þeirra sem eru yfir 35 ára aldri. Í ljósi þessa má vænta þess að konur verði sífellt herra hlutfall þeirra sem hafa menntun til að sinna háskólakennslu og nýliðun í stétt háskólakennara beri þess merki.

Skiptingin í nemendahópnum meðal háskólanema er svipuð og meðal framhaldsskólanema. Þar eru nú stúlkur rúm 62% útskrifaðra. Þegar skyldunámi lýkur snarlækkar því hlutfall pílta í skólakerfinu.

Skipting háskólanema eftir kyni gefur góða vísbendingu um kynjaskiptingu sérfræðistétta framtíðarinnar. Það blasir við að þær verða flestar kvennastéttir. Af ellefu deildum Háskóla Íslands hafa

³ Prófessorar sem nú starfa í Háskóla Íslands voru að meðaltali og miðgildi rétt ríflega 44 ára þegar þeir hlutu framgang eða ráðningu í starf prófessors. Athyglisvert er að konur voru að jafnaði tæplega fjórum árum eldri en karlar við þessi tímamót. Hér skipir væntanlega máli að konur eru að meðaltali talsvert eldri en karlar þegar þær stunda meistara- eða doktorsnám. Þrátt fyrir þetta eru kvenprófessorar í skólanum að meðaltali tæplega tveimur árum yngri (55 ára) en karlprófessorar (57 ára) sem endurspeglar það hve fáar konur urðu prófessorar þangað til allra síðustu ár. Heimild: Útreikningar höfundar byggðir á upplýsingum um prófessora í kennsluskra skólans fyrir skólaárið 2006 til 2007.

⁴ Margir byrja starfsferil sinn innan háskóla sem stundakennarar, aðstoðarmenn eða aðjúnktar en fyrsta skrefið í framgangskerfinu sem getur endað með prófessorsstarfi er að verða lektor. Einnig er þó hugsanlegt að hefja störf innan háskóla sem dósent eða prófessor.

einungis tvær nokkurn veginn jafnt kynjahlutfall. Það eru lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að konur eru nú í miklum minni hluta meðal stjórnenda í viðskiptalífínu og gengur hægt að breyta því.⁵ Það endurspeglar m.a. kynjaskiptinguna meðal viðskipta- og laganema fortíðarinnar. Ætla má að það muni breytast eftir því sem hlutföll kynjanna meðal útskrifaðra viðskiptafræðinga og lögfræðinga jafnast í ljósi þess hve áberandi þær stéttir eru í bæði viðskiptalífi landsmanna og raunar einnig stjórnkerfinu og stjórnámálum.

Í öðrum deildum Háskóla Ísland er hlutfall kynja hins vegar orðið mjög ójafnt. Í einungis einni deild Háskóla Íslands eru karlar enn í talsverðum meiri hluta, verkfræðideild. Þar eru konur þó nú rétt tæpur þriðjungur nemenda, sem er veruleg aukning frá fyrri árum. Fyrir tíu árum, skólaárið 1995 til 1996, var hlutfall kvenna í verkfræði meira en helmingi lægra en nú eða tæp 15%. Hækki hlutfall kvenna jafnhrott næsta áratuginn verða kynjahlutföll í verkfræði þá orðin jöfn. Það er þó vitaskuld ekki sjálfgefið að það gerist.

Í hinum átta deildum skólans eru konur þegar í talsverðum meiri hluta. Það gefur fyrirheit um að þær verði jafnframt í meiri hluta í framtíðinni í þeim sérfræðistéttum sem þær deildir mennta.

Það kemur vart á óvart að hjúkrunarfræðideild er í sérflokki. Þar ná karlar ekki þremur prósentum nemenda. Félagsvísindadeild er næst á eftir, með nánast þrjár konur fyrir hvern karl meðal nemenda. Deildin er jafnframt fjölmennasta deild skólans svo að þetta mjög skakka kynjahlutfall þar skiptir langmestu fyrir skekkjuna í kynjahlutfalli skólans sem heildar.

Séu einstakar skorir í félagsvísindadeild skoðaðar verður skekkjan í kynjahlutföllum í deildinni enn frekar sláandi. Þannig er kynjahlutfallið nánast jafnt í stjórn málafræði. Karlar eru um fjórðungur nema í sálfræði og félagsfræði. Í öðru námi í félagsvísindadeild eru karlar hins vegar ekki nema innan við fimmtungur nemenda og allt niður í u.þ.b. einn tíunda þar sem kynjahlutfallið er skakkast, í félagsráðgjöf og bókasafns- og upplýsingafræði.

⁵ Í riti Hagstofunnar *Konur og karlar 1975–2005* kemur fram að árið 2004 voru konur 22% stjórnarmanna og einnig 22% stjórnarformanna í fyrirtækjum á Íslandi. Þá voru þær 18% framkvæmdastjóra. Í september 2005 voru konur 4% stjórnarmanna í félögum í úrvalsvísitölu Kauphallar Íslands. Sjá einnig Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála á Bifröst (2005).

Kynjahlutfallið er litlu jafnara í lyfjafræðideild en í félagsvísindadeild en hún er mjög lítil og hefur því takmörkuð áhrif á heildarmyndina.

Aðrar gamalgrótar sérfræðistéttir karla innan heilbrigðisvísinda eru ekki heldur lengur karlavígi eða a.m.k. stefnir ekki í að þær verði það mikið lengur. Skólaárið 2004 til 2005 voru konur í miklum meiri hluta í öllum heilbrigðisvísindadeildum Háskóla Íslands og í Heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri var varla nokkur karlnemandi, eins og tafla 1 sýnir.

Tafla 1. Kynjahlutföll í háskólanámi í heilbrigðisvísindum

| Deild HÍ | KVK/ALLS |
|---------------------|----------|
| Læknadeild | 64,0% |
| Lyfjafræðideild | 73,1% |
| Tannlæknadeild | 68,8% |
| Hjúkrunarfræðideild | 97,2% |

Heilbrigðisdeild HA 99,0%

Heimild: Hagstofa Íslands og nemendaskrá Háskóla Íslands.

Hugvísindi og guðfræði heilla ekki heldur karla, a.m.k. ekki til jafns við konur. Þar eru tvær konur fyrir hvern karl. Sumar greinar í raunvísindadeild laða hins vegar enn frekar að karla en konur, þ.á m. stærðfræði og eðlisfræði. Væntanlega eru svipaðar skýringar á því og á háu hlutfalli karla í verkfræði. Það nær þó ekki að breyta því að konur eru í nokkrum meiri hluta í deildinni sem heild.

Hér verður ekki horft til annarra háskóla innanlands nema hvað ekki er hægt að horfa fram hjá Kennaraháskólanum, sem eðli máls samkvæmt menntar flesta grunn- og leikskólakennara landsins.⁶ Þar eru konur í miklum meiri hluta umsækjenda á öllum námsbrautum nema íþróttabraut. Um sumar brautir, sérstaklega þær sem búa undir störf á leikskólum, sækja nær engir karlar. Jafnvel þótt ítrekað hafi verið rætt

⁶ Kynjaskiptingin í öðrum skólum á háskólastigi á Íslandi er mjög svipuð og í Háskóla Íslands, þegar tekið hefur verið tillit til þess hvaða námsgreinar lögð er áhersla á í hverjum skóla. Þannig eru kynjahlutföll nánast jöfn í Háskólanum á Bifröst eins og í þeim deildum Háskóla Íslands sem kenna þær greinar sem einkum eru kenndar á Bifröst. Í Háskólanum í Reykjavík eru karlar í nokkrum meiri hluta meðal nemenda sem einkum má rekja til háskólunnar þeirra í verk-, tækni- og tölvunarfræði.

um að karlar ættu að fá einhvern forgang við inntöku nemenda í KHÍ er hlutfall þeirra af þeim sem er boðin skólavist einungis tæp 15%.

Það er því allt útlit fyrir að hlutfall kvenna meðal grunnskólakennara eigi enn eftir að hækka. Engin teikn eru á lofti um að hlutfall karla meðal leikskólakennara verði ekki áfram nánast hverfandi, þrátt fyrir örlitla fjölgun allra síðustu ár.

Þótt karlar séu enn í meiri hluta í ýmsum sérfræðistéttum má ráða af þessum nemendatölum að sú mynd sé hægt en örugglega að breytast. Nýliðunin er allt öðru vísi, þar eru konur í flestum tilfellum í meiri hluta. Engin teikn eru hins vegar á lofti um að þær sérfræðistéttir þar sem konur hafa verið í meiri hluta, t.d. meðal grunnskólakennara og hjúkrunarfræðinga, sjái fram á jafnari kynjahlutföll í framtíðinni. Helstu sérfræðistéttirnar þar sem áfram stefnir í talsverðan meiri hluta karla eru verkfræðingar og þeir sem fást við skyldar greinar svo sem stærðfræði og eðlisfræði. Einnig þar fækkar þó körlum hlutfallslega meðal nemenda.

Kynjaskiptingin í kennaraliðinu þýðir vitaskuld að meðal Íslendingurinn hefur lengst af einkum konur sem kennara. Sá sem fer í gegnum allt íslenska skólakerfið, er í leikskóla í fjögur ár og fer síðan í tíu ár í grunnskóla, fjögur í framhaldsskóla, þrjú ár í grunnnám í háskóla og loks tveggja ára meistaranám getur átt von á því að meira en tvo þriðju hluta námsins hafi kennari hans (eða líklega frekar hennar) verið kvenkyns.

Þetta er miðað við núverandi kynjaskiptingu í kennaraliði á þessum námsstigum. Með fyrirsjáanlegri fjölgun kvenna sem kenna í framhaldsskólum og háskólum og jafnvel grunnskólum á þetta hlutfall enn eftir að hækka. Fyrir þá sem ljúka styttra námi en hér er miðað við er hlutfallið af kennslunni sem konur sjá um að jafnaði enn hærra.

Kynjahlutföll starfstétta

Tölur um kynjahlutföll í einstökum starfstéttum sýna m.a. að konur eru þegar orðnar nokkuð fleiri en karlar í hópi sérfræðinga og sérmenntaðs starfsfólks. Í helsta stéttarfélagi háskólafólks, Bandalagi háskólamanna, BHM, eru rétt ríflega þrefalt fleiri konur en karlar. Þegar kynjaskiptingin innan BHM er skoðuð kemur í ljós að konur eru alls ráðandi í heilbrigðisstéttum og hafa afgerandi meiri hluta í félagsvísindum. Karlar eru einungis í umtalsverðum meiri hluta meðal

náttúruvísindamanna innan BHM og eru aðeins fleiri en konur meðal viðskipta- og hagfræðinga.⁷

Konur eru sem fyrr í miklum meiri hluta meðal fólks í skrifstofu- og þjónustustörfum. Karlar eru hins vegar í meiri hluta meðal iðnmenntaðra, bænda, fiskimanna og ósérhæfðra. Þá eru karlar enn í talsverðum meiri hluta meðal stjórnenda og embættismanna þótt hlutfall þeirra þar fari nokkuð lækkandi. Tafla 2 sýnir skiptinguna árin 1991 og 2004.

Tafla 2. Hlutfall karla í einstökum starfstéttum.

| | 1991 | 2004 | Breyting |
|-----------------------------|-------|-------|----------|
| Alls | 54,4% | 52,8% | -1,6% |
| Stjórnendur og embættismenn | 73,0% | 69,6% | -3,5% |
| Sérfræðingar | 51,2% | 47,1% | -4,2% |
| Sérmenntað starfsfólk | 51,0% | 42,9% | -8,1% |
| Skrifstofufólk | 14,9% | 12,4% | -2,5% |
| Þjónustu- og verslunarfólk | 38,1% | 32,6% | -5,5% |
| Bændur og fiskimenn | 75,7% | 77,5% | 1,8% |
| Iðnaðarmenn | 73,2% | 87,4% | 14,3% |
| Véla- og vélgæslufólk | 89,3% | 91,5% | 2,2% |
| Ósérhæft starfsfólk | 42,4% | 52,2% | 9,8% |

Heimild: Hagstofa Íslands

Áhugavert er að skoða sérstaklega nokkrar vinnuafsfrekar atvinnugreinar sem tilheyra að mestu opinbera geiranum. Í töflu 3 er skoðað hversu hátt hlutfall karla annars vegar og kvenna hins vegar starfar í þremur slíkum atvinnugreinum.

Tafla 3. Hlutfall af hvoru kyni í þremur greinum árið 2004

| | Landið allt | | Höfuðb.svæði | | Utan höfuðb. | |
|--------------------------------|-------------|-------|--------------|-------|--------------|-------|
| | Karlar | Konur | Karlar | Konur | Karlar | Konur |
| Opinber stjórnsýsla | 6,0% | 8,3% | 5,7% | 6,9% | 6,6% | 10,8% |
| Fræðslustarfsemi | 4,0% | 9,6% | 4,3% | 9,8% | 3,6% | 9,3% |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 4,8% | 25,5% | 5,8% | 27,2% | 3,4% | 23,0% |

Heimild: Hagstofa Íslands

⁷ Sjá BHM (2005).

Sá munur sem fram kemur í töflu 3 á höfuðborgarsvæði og landsbyggð er áhugaverður en hér er ekki svigrúm til að fjalla nánar um hann.⁸ Kynjamunurinn er hins vegar sláandi. Á meðan rúmur fjórðungur kvenna á vinnumarkaði telst starfa við heilbrigðis- og félagsþjónustu fæst innan við einn af hverjum tuttugu körlum við slík störf. Konur eru líka meira en tvöfalt líklegri til að fást við fræðslu en karlar.

Sá munur sem fram kemur á starfsvali kynjanna bendir eindregið til þess að verulegur munur sé á því hverju sóst er eftir við valið. Menntakonur virðast í miklu ríkari mæli en karlar sækjast eftir því sem flokka má sem *mjúk* sérfræðistörf, svo sem störf við umönnun, fræðslu, heilsugæslu og félagslega þjónustu. Karlar sem fara í háskólanám velja frekar greinar með *harðari* ímynd, svo sem verkfræði, tæknifræði, lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði. Skiptingin kemur jafnvel fram innan ýmissra greina. Þannig leggja kvennemendur í viðskiptafræði frekar áherslu á stjórnun eða markaðsfræði en karlarnir. Þeir velja hins vegar oftarmál eða reikningshald. Innan verkfræði sést á sama hátt að konur velja frekar umhverfisverkfræði en karlar. Karlarnir eru hins vegar líklegri til að velja rafmagns- eða byggingarverkfræði.⁹

Mikil umsvif hins opinbera í mennta- og heilbrigðisgeiranum og sókn kvenna í að mennta sig til starfa í þeim geirum þýðir óhjákvæmilega að menntakonur eru líklegri en karlar til að starfa hjá hinu opinbera.

Nokkur hagfræðileg álitamál

Sem fyrr segir verður að teljast hafið yfir allan vafa að miklum mannauði getur verið sóað með því að útiloka einn þjóðfélagshóp frá tilteknu námi eða störfum. Það er hins vegar flóknara að meta áhrif þess ef þjóðfélagshópur kys að því er virðist af fúsum og frjálsum vilja að sækjast ekki eftir tiltekinni menntun eða störfum. Þá er einnig rétt að

⁸ Samanburður á kynjahlutföllum á höfuðborgarsvæði annars vegar og landsbyggð hins vegar er einnig áhugaverður. Karlar voru 49,4% íbúa á höfuðborgarsvæðinu en 51,4% íbúa utan þess árið 2004. Ein skýring þess kann að vera að ýmsar starfsgreinar sem karlar sinna einkum skipta meiru í atvinnulífi á landsbyggð en á höfuðborgarsvæðinu, svo sem landbúnaður og fiskveiðar.

⁹ Skiptingin á milli kynjanna er jafnvel enn skýrari ef horft er til annars sérnáms en háskólanáms. Mun hærra hlutfall karla en kvenna leggur iðnnám fyrir sig og sérstaklega stunda fáar konur nám í hefðbundnum karlagreinum eins og pípulögnum, múrverki og bifvélavirkjun. Þær tiltölulega fáu konur sem stunda iðnnám leggja frekar fyrir sig greinar á við hársnyrtingu eða kjólasaum. Í Fjöltækniskólanum (áður Stýrimannaskólinn og Vélskólinn) eru karlar um 98% nemenda. Í tónlistarskólum á framhaldsskólastigi eru hins vegar um tvær stúlkur fyrir hvern pilt.

hafa í huga að val fólks tekur m.a. mið af viðhorfum annarra í samfélaginu. Það getur gert ákveðið val mjög ólíklegt, jafnvel þótt ekkert standi formlega í vegi fyrir því. Sem dæmi má nefna að ef störf við hjúkrun eða á leikskólum þykja að ósekju ekki *hæfa* karlmönnum er líklegt að það fæli karlmenn frá því að mennta sig til slíkra starfa, jafnvel þótt þeim væri vel tekið af kennurum og samnemendum og síðar vinnuveitendum og samstarfsfólki ef þeir myndu sækja sér slíka menntun. Í slíkum tilfellum væru fordómar líklega uppspretta þess sem kallast neikvæð ytri áhrif (*negative externality*) á máli hagfræðinnar.¹⁰ Afleiðingarnar birtast ekki einungis á þann veg að einhverjir verða sjálfir fyrir tjóni vegna þess að þeir fara ekki í störf sem myndu henta þeim vel, ef ekki væri fyrir fordóma samfélagsins. Tjónið lendir einnig á öðrum, t.d. þannig að leikskólabörn fá ekki notið hæfileika karlmannna við kennslu.¹¹

Hafi fullorðnir einstaklingar frelsi til að velja sér menntun og starfsvettvang, ákveða sig á grundvelli góðra upplýsinga og án óeðlilegs utanaðkomandi þrýstings ætti alla jafna ekki að vera ástæða til að ætla að valið takist illa. Það er því erfitt að finna hagfræðileg rök fyrir íhlutun annarra, hvort sem það er hið opinbera, fjölskylda eða aðrir, í slíkt val.

Frjálst val einstaklinganna getur hins vegar auðveldlega leitt til mjög ójafnra kynjahlutfalla, hvort heldur er á tilteknum námsbrautum eða starfsgreinum. Sem dæmi má nefna að vel er hugsanlegt að konur einhverra hluta vegna séu líklegri til að velja lyfjafræði sem námsgrein en karlar með svipaðan bakgrunn veðji frekar á efnafræði og að konur með áhuga á verkfræði veðji á umhverfisverkfræði en karlar rafmagns- eða byggingarverkfræði. Þetta getur gerst jafnvel þótt hvorki námsumhverfið né starfsumhverfið í þessum greinum sé frekar hliðhollt öðru kyninu en hinu og án þess að viðtekin viðhorf til þess hvort kynið á að gegna hvaða starfi hafi umtalsverð áhrif.

Við þessar aðstæður er erfitt að sjá réttlætingu þess að hlutast sé til um val einstaklinganna eða gripið til annarra aðgerða til að jafna kynjahlutföll, nema litið sé svo á að það sé eftirsóknarvert í sjálfu sér að kynjahlutföll séu sem jöfnust á sérhverri námsbraut og starfsgrein. Ekki

¹⁰ Greining þessa er þó talsvert snúnari en hér er hægt að rekja. M.a. skiptir máli að fólk kann að hafa ánægju af því að ekki sé gengið gegn fordómum þess. Að því marki sem menntun dregur úr fordómum ætti hún að vinna gegn þessum neikvæðu ytri áhrifum.

¹¹ Rétt er að hafa í huga að þrýstingur samfélagsins getur virkað í ýmsar áttir. Þannig er t.d. hugsanlegt að mikill áróður fyrir því að brjóta upp starfaskiptingu kynjanna þvingi konur sem hefðu hug á *hefðbundnum kvennastörfum* til að snúa sér að öðru.

er hægt að sjá nein augljós merki um hagkvæm eða óhagkvæm ytri áhrif sem réttlætt geta íhlutun hins opinbera, skólayfirvalda eða annarra.

Í þessu samhengi er líka rétt að hafa í huga á að við eðlilegar aðstæður¹² ætti spurn eftir starfsmönnum af öðru kyninu í tiltekinni starfstétt að vera mætt með nægu framboði. Sem dæmi má taka að ef einhverra hluta vegna væri lítið um karlkyns rakara¹³ þá ætti verð á þjónustu þeirra að hækka og það laða karlmenn til starfa í stéttinni.

Túlkun og framtíðarsýn

Kynjaskipting í sérfræðistéttum á Íslandi á 21. öldinni verður að öllu óbreyttu allt önnur en á þeirri 20. Haldist sú skipting sem nú sést í háskólanámi þá munu konur sinna sérfræðistörfunum í mun ríkari mæli en karlar. Þær munu sjá að mestu leyti um menntakerfi landsmanna og að miklu leyti um heilbrigðiskerfið.

Konur hafa alltaf sinnt stærstum hluta uppeldis innan heimilanna og það virðist breytast hægt. Ýmsar stofnanir aðrar en heimilin, svo sem leikskólar, sinna sífellt stærri hluta uppeldis íslenskra barna en sá hluti virðist einnig ætla að vera að mestu unninn af konum.¹⁴ Þeir Íslendingar sem fæðast á 21. öldinni verða því ef svo fer sem horfir fyrst og fremst aldir upp og menntaðir af konum.

Hlutur kvenna meðal sérfræðinga í viðskiptalífínu virðist ætla að verða svipaður og karla. Væntanlega verður það jafnframt til að hækka hlutfall kvenna meðal stjórnenda í viðskiptalífínu.

Þær sérfræðistéttir sem hafa verið kvennastéttir til þessa virðast ætla að vera það áfram. Þær sérfræðistéttir sem hafa verið karlastéttir eru hins vegar nær allar að breytast í kvennastéttir eða a.m.k. stéttir með nokkuð jafnt hlutfall kynjanna.

Vel hefur tekist til við að opna skólakerfið fyrir konum og laða þær til náms. Ekki virðist ganga jafnvel að fá karla til að ganga menntavegin. Hér hefur ekki verið reynt að grennslast fyrir um skýringar þess. Það blasir þó við að skýringin á lágu hlutfalli karla nú er

¹² Með eðlilegum aðstæðum er m.a. átt við að aðgangur að stéttinni sé opin fyrir bæði kynin til jafns og að kaup og kjör sé þannig að framboð og eftirspurn sé í jafnvægi.

¹³ Raunar er formleg skipting hárgreiðslufólks í rakara og hárgreiðslukonur löngu aflögð. Nú er hársnyrtið ein löggilt iðngrein og þeir sem leggja stund á hana læra að vinna með hár beggja kynja. Hugtakið rakari lifir samt góðu lífi og vísar alla jafna til karlmanns sem einkum klippir kynbræður sína.

¹⁴ Yngstu börnin eru sum hver vistuð hjá *dagmæðrum* áður en þau fara á leikskóla. Eins og starfsheitið gefur til kynna mun lítið vera um karla í þessari stétt, þótt reynt hafi verið að breyta starfsheitinu í *dagforeldra* í einhverjum tilfellum.

ekki sú sama og á lágu hlutfalli kvenna áður fyrr. Konurnar áttu þess sjaldan kost að fara í langskólanám. Nú eiga karlarnir þess kost en kjósa að gera það ekki. Rétt er þó að hafa í huga að hlutfallsleg fækkun karla í framhaldsskólum og háskólum hefur ekki orðið vegna þess að lægra hlutfall karla í hverjum árgangi fari í þessa skóla heldur vegna þess að konunum sem gera það hefur fjölgað mun hraðar.¹⁵

Hér er ekki ætlunin að leggja mat á það hvort sú þróun sem lýst hefur verið er góð eða slæm eða koma með tillögur til breytinga. Ýmsar spurningar hljóta þó að vakna þegar niðurstöðurnar að framan eru skoðaðar. Ein þeirra er hvers vegna karlar kjósa ekki að nýta sér framboð menntakerfisins í sama mæli og konur. Önnur er hvort sú áhersla sem hefur verið lögð á að auka hlut kvenna í þeim geirum menntakerfisins þar sem þær hafa verið í minni hluta sé enn eðlileg og æskileg. Loks virðist þarft að skoða hvort menntakerfið sé að bregðast körlum að einhverju marki, hvort hægt sé að bregðast við því og þá með hvaða hætti.

Lýsingunni hér að framan fylgir sá varnagli að þetta er framtíðarsýnin *ef svo fer sem horfir*. Með því er einkum átt við að ekki verði róttæk breyting á aðsókn kynjanna að námi. Það er þó vitaskuld allt eins líklegt að slíkar breytingar verði. Þá verður einfaldur framreikningur byggður á núverandi skólasókn ekki góð spá um framtíðina.

Mikil aðsókn kvenna í háskólanám nú, sérstaklega þeirra sem eru eldri en þrítugar, kann að einhverju leyti að vera afleiðing þess að tækifæri kvenna til mennta voru minni áður fyrr. M.ö.o. að um uppsafnaða eftirspurn sé að ræða að einhverju marki.

Þá er rétt að hafa í huga að þrátt fyrir allt þá fjölgar einnig körlum sem ljúka langskólanámi, þótt þeim fjölgi hægar en konunum. Að því kann að koma að kynjahlutföllin jafnist aftur, t.d. vegna þátta eins og þess að þegar nær allar stúlkur eru farnar að ljúka stúdentsprófi þá hlýtur fjölgun stúdenta, ef einhver er, einkum að koma fram hjá körlum. Ef starfstækifæri karla sem ekki hafa háskólamenntun versna vegna breytinga á atvinnulífi, t.d. sífellt minna vægis sjávarútvegs og landbúnaðar og harðnandi samkeppni við lágláunalönd þá er lítil ástæða

¹⁵ Sem dæmi má nefna að frá lokum síðari heimsstyrjaldar hefur talan fyrir fjölda karla sem ljúka stúdentsprófi sem hlutfall af fjölda tvítugra karla hækkað um rétt rúm 3% á ári að jafnaði. Fyrir konur hefur sama tala hækkað um tæp 6% á ári. Þetta hefur leitt til þess að konur eru nú rúm 60% nýstúdenta en voru tæpur fjórðungur í upphafi tímabilsins.

til annars en að ætla að karlar muni bregðast við því með því að sækja sér meiri menntun.

Heimildir

BHM (2005). *Hlutfall kynjanna í aðildarfélögum BHM* 76:24. Frétt dagsett 1. nóvember 2005. Sótt 29. ágúst 2006 af <http://www.bhm.is/frettir/nr/28>.

Elín Jóna Þórsdóttir (2004). *Skýrsla um inntöku í grunndeild*. Reykjavík, Kennaraháskóli Íslands.

Hagstofa Íslands. (án dags.). *Starfsfólk í framhaldsskólum í nóvember 2004 og 2005*. Sótt 29. ágúst 2006, af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=1712>.

Hagstofa Íslands. (2005). Konur og karlar 1975-2005. *Hagtiðindi*, 90:48 (*Heilbrigðis- félags- og dómsmál 2005:1*).

Hagstofa Íslands. (2005). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2004. *Hagtiðindi*, 90:1 (*Skólamál, 2005:1*).

Hagstofa Íslands. (2006). Starfsfólk við kennslu í leik-, grunn- og framhaldsskólum 2000 til 2005. *Hagtiðindi*, 91:45 (*Skólamál 2006:2*).

Hagstofa Íslands. (án dags.). *Hagtölur, vinnumarkaður*. Sótt 29. ágúst 2006, af <http://www.hagstofa.is/?PageID=637>.

Háskóli Íslands, nemendaskrá. (án dags.). *Fjöldi skráðra nemenda í HÍ haustið 2005*. Sótt 28. ágúst 2006, af http://www.hi.is/pub/rann/stadtolur/nemendur/skraning/allir_okt05.htm

Háskóli Íslands. (án dags.). *Prófessorar*. Sótt 29. ágúst 2006, af <https://ugla.hi.is/kennsluskra/index.php?tab=skoli&chapter=content&id=5888&kennsluar=2006>.

Rannsóknarsetur vinnuréttar og jafnréttismála. (2006). *Jafnréttiskennitalan – Birting upplýsinga um jafnrétti í 100 stærstu fyrirtækjunum*. Sótt 29. ágúst 2006, af http://nepal.vefurinn.is/Nepal_Skrar/Skra_0014822.pdf.